

Umsögn vegna dánaraðstoðar

Ég hef í mínu starfi sem hjúkrunarfræðingur komið að andlátum sjúklinga eins og gengur í þessu starfi. Man ekki eftir einu andláti sem hefur verið án þjáninga. Ég sinnti einnig foreldrum mínum á dánarbeiði og þau þurftu að þjást óþarflega vegna sjúkdóma sinna og fengu ekki þá líknandi meðferð sem hefði þurft.

Ég styð því félagið Lífsvirðingu til þess að fá bætur á því lagalega umhverfi sem við höfum til þess að gera úrbætur svo manneskjur geti fengið að deyja með sjálfsvirðingu og án mikilla kvala.

Helga Matthildur Jónsdóttir